

Baltasar — Tveir heimar, blönduð tækni. (Ljósm. Bj. Bj.).

ÖRNINN OG HÆNURNAR

ÞA

Mikið skelfing væri allt myndlistarlíf hér á landi miklum mun daufara væri Baltasar ekki til staðar til að hrífa með sér fólk eða storka því með handbragði sínu og hátterni. Hann vinnur meir og hraðar en aðrir, ræður yfir meirí tækni en aðrir, — og selur meir og dýrar en aðrir. Ekki er nema von að í litlu þjóðfélagi sjái sumir ofsjónum yfir umsvifum hans og velgengni. Reyndar er ekki laust við að Baltasar sjálfur sé farinn að líta á sig sem prófessjónal einfara og kannski pislarvott, sem hundeltur er af ýmiss konar „hænum" í íslensku listalífi, — ef marka má nýleg verk hans.

Vissulega hefur Baltasar fengið sinn skerf af óréttmætri gagnrýni á ferli sínum, kannski meir en aðrir, og á röngum forsendum. En það breytir ekki því að ef litið er sæmilega hlutlausum augum á myndlist hans, má ýmislegt að henni finna.

Kjarni og hismi

Þegar best lætur eru myndir hans undursamlega kvikar, glóandi af djúpum litum og bráðsmitandi lífsgleði og komist Baltasar í náin tilfinningatengsl við fyrirsætur sínar, málar enginn maður hérlendur magnaðri portrettmyndir. En Baltasar endurtekur sig líka einum of oft, er helst til áhrifagjarn, treystir stundum einum um of á innblástur augnabliksins og tæknibrellur á kostnað inntaks, — og er ekki enn búinn að hrista af sér myndskreytingar Morgunblaðsins forðum.

Þetta þýðir að sýningar Baltasars eru oftast afskaplega misjafnar: glæsilegur kjarni, umkringdur ýmiss konar myndrænu hismi. Þetta á einnig við um sýningu þá sem Baltasar nú heldur að Kjarvalsstöðum, en hún er m.a. sérstök fyrir það að listamaðurinn vinnur eftir ljóðum sem honum eru kær. Sú tilhögun hefur getið af sér einhverja bestu myndröð sem ég hef séð eftir Baltasar, — við „Fáka" Einars Benediktssonar. Þar beitir málarinn mjög stífri, nær geómetrískri uppbyggingu, sem myndar ramma utan um þau expressjónísku tilbrigði sem hann notar til tjáningar á sambandi manns og hests.



Baltasar ásamt „Þegar ernirnir fljúga. . .", olía.


Ekki úr böndum

Þannig fer ekkert úr böndum hjá Baltasar og jafnvægi ríkir í hverri mynd. Svipaðri myndbyggingu beitir hann í þrístæðu um Pablo Neruda, sem þó er ekki nándar nærri eins mögnuð og Fákaserían einmitt fyrir losaralegri útfærslu. En það er fleira gott á sýningunni, seiseijú. Í „Þá", — mynd af Jökli Jakobssyni, er vissulega snertur af varanlegu listgildi, en þó finnst manni að sú sálarró sem gefin er í skyn með uppstillingu Jökuls á myndfletinum, fari næstum því út í buskann með hamagangi pensildráttanna. Það er stundum eins og Baltasar geri sér ekki grein fyrir því hvenær nóg er komið. En það er líka gaman að sjá hve vel þeim hefur komið saman, Ragnari H. Ragnar og Baltasar, eftir bráðlifandi en samt óvenju stillilegri portrettmynd að dæma.

Óklárað og ofklárað

Afganginn af sýningunni kann ég ekki að meta, þrátt fyrir sýnikennslu í öllum þeim tæknibrögðum, sem notuð eru í nútímamálverki og tilvísanir í ýmsa nútímalistamenn, — eða kannski vegna þeirra? Landslag og hestar eru meðhöndlaðir hratt og hugsunarlaust, sumt annað finnst manni annað hvort óklárað eða ofklárað. Sumt heyrir til dægurflugna eða ýkja („Ötult embætti" og „Það sem keisarans er. .") og pólitísk vitund Baltasar leiðir hann út í slagorðamálverk, vel meint og gerð í hjartans einlægni, en verða honum tæpast til framdráttar eftir daginn í dag, fremur en öðrum myndlistarmönnum, sem gera slík verk. Væri ókurteisi að biðja um einfaldari verk og agaðri, verk með húmor eins og Nr. 13 („Angels fly. ."), — umfram allt verk sem samboðin eru hinum miklu eðlisgáfum listamannsins?

Myndlist



Árnað heilla



Laugardaginn 11. ágúst voru gefin saman af séra Emil Björnssyni í kirkju óháða safnaðarins þau **Kristín Jóhannesdóttir** og **Jónas Þ. Þórisson.** Heimili þeirra er að Flyðrugranda 20. Ljósmyndastofa Mats.



Laugardaginn 22. sept. gaf séra Árni Bergur Sigurbjörnsson saman þau **Elínu Guðmundsdóttur** og **Arnar Guðmundsson** í Ólafsvíkurkirkju. Heimili þeirra er að Brautarholti 22. Ólafsvík. Ljósmyndastofa Mats.



Þann 17. 11 voru gefin saman í hjónaband af séra Sigurði Hauki Guðjónssyni þau **Ingunn Björnsdóttir** og **Ingi Hans Ágústsson.** Heimili þeirra er að Hraunbæ 26. Ljósmyndastofa Mats.



Nýlega voru gefin saman í Kópavogskirkju af séra Árna Pálssyni þau **Inga Jóna Finnbogadóttir** og **Sævar Eiríksson.** Heimili þeirra er að Norðurgarði, Skeiðum. Ljósmyndastofa Mats.



Nýlega voru gefin saman í hjónaband af séra Árna Pálssyni í Kópavogskirkju þau **Bára Katrín Finnbogadóttir** og **Högni Gunnarsson.** Heimili þeirra er að Hjarðarfelli, Snæfellsnesi. Ljósmyndastofa Mats.



Laugardaginn 6. október voru gefin saman af séra Ólafi Skúlasyni í Bústaðakirkju þau **Þórdís Ingadóttir** og **Bjarni Ágústsson.** Heimili þeirra er að Mariubakka 22. Ljósmyndastofa Mats.



Laugardaginn 13. 10 gaf séra Bragi Friðriksson saman þau **Svövu Magnúsdóttur** og **Guðmund Birkisson** í Garðakirkju Heimili þeirra er að Tjarnargötu 6, Keflavík. Ljósmyndastofa Mats.



Laugardaginn 10. nóvember voru gefin saman af séra Frank M. Halldórssyni í Neskirkju þau **Brynhildur Scheving Thorsteinsson** og **Gunnar Ingi Gunnarsson.** Heimili þeirra er að Espigerði 2. Ljósmyndastofa Mats.